

Synacthenpróf

Synacthen test

Synacthenpróf er rannsókn til að athuga hvort nýrnahettur framleiða nægilegt kortisól. Kortisól er hormón sem hefur viðtæk áhrif á blóðþrýsting og efnaskipti í líkamanum. Það er stundum kallað stresshormón. Einkenni skorts á kortisóli eru meðal annars mikil þreyta, svimi, megrun, verkir og vanlíðan. Addisonssveiki er sjaldgæfur sjúkdómur sem stafar af vanvirkum nýrnahettum og þar með skorti á kortisóli.

Rannsóknin fer þannig fram að nýrnahettur eru örvaðar með Synacthen, gervilyfi sem líkir eftir heiladingulshormóninu ACTH sem stýrir framleiðslu kortisóls. Síðan eru tekin blóðsýni til að meta áhrif þess á framleiðslu kortisóls í líkamanum.

Forföll

Hjúkrunarfræðingur sér um að gefa tíma í rannsókn, haft verður samband við sjúkling. Forföll eða veikindi á rannsóknardag þarf að tilkynna á göngudeild innkirtla sem fyrst í síma 543 1000.

Undirbúningur

Heimilt er að borða og drekka fyrir rannsóknina.

Stöðva þarf inntöku eftirfarandi lyfja samkvæmt fyrirmælum læknis:

- Prednisólón: Hætta töku prednisólóns (Decortins) minnst 24 klst. fyrir prófið.
- Hýdrókortisón: Taka síðasta skammt í síðasta lagi á hádegi daginn fyrir prófið.
- Estrógen: Hætta inntöku lyfja sem innihalda estrógen 6 vikum fyrir prófið.

Rannsóknardagur

- Mæting á bókuðum tíma, oftast að morgni dags, á göngudeild innkirtla, Eiríksgötu 5 í Reykjavík.
- Rannsóknin varir í 1,5-2 klst.

Framkvæmd rannsókna

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti sjúklingi og býður sæti í hægindastól. Meðan á prófinu stendur situr sjúklingur eða liggur fyrir og stendur aðeins upp til að fara á salerni.

Lyfið Synacthen er gefið í vöðva eða æð. Lagður er æðaleggur í olnbogabót svo ekki þurfi að stinga fyrir hverju blóðsýni. Tekin eru þrjú blóðsýni; fyrir gjöf synacthens og síðan 30 og 60 mínútum eftir gjöf. Eftir þriðja blóðsýnið er prófinu lokið.

- Reykingar eru ekki leyfðar á meðan á prófinu stendur.
- Gott getur verið að hafa afþreyingarefni til lestrar meðferðis.
- Að rannsókn lokinni er óhætt að sinna daglegum störfum.
- Rannsóknin er ekki talin hafa áhrif á aksturshæfni.

Ef einhverjar spurningar vakna er velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðinga á göngudeild innkirtla í síma 543 1000.

Endurkomutími/símtal

Fyrir útskrift er bókaður tími fyrir endurkomu eða símatími hjá lækni til að fara yfir niðurstöður rannsóknarinnar.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina og blóðsýnin. Verðskrá er birt á landspitali.is með fyrirvara um breytingar á heimasíðu Landspítala.